

## Félagsmálanefnd

### *Stjórnskipuleg staða*

---

Félagsmálanefnd Fjallabyggðar heyrir undir bæjarstjórn Fjallabyggðar og starfar í umboði hennar.

### *Valdsvið*

---

Félagsmálanefnd Fjallabyggðar hefur umsjón með þeim málaflokkum sem undir hana heyra í umboði bæjarstjórnar. Félagsmálanefnd hefur heimild til fullnaðarafgreiðslu umsókna um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu samkvæmt reglum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Aðrar ákvarðanir hennar eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu bæjarstjórnar.

Félagsmálanefnd er fjölskipað stjórnvald. Fulltrúar hlutast ekki til um starfsemi sveitarfélagsins í málefnum sem falin eru nefndinni nema á fundum hennar. Þó getur nefndin falið fulltrúa að vinna að undirbúningi máls með starfsmanni enda felist engar ákvarðanir í þeirri vinnu.

### *Málaflokkar*

---

Félagsmálanefnd hefur umsjón með félagsmálum, jafnréttismálum, forvarnamálum, málefnum aldraðra, fatlaðra og innflytjenda.

### *Stofnanir sem heyra undir félagsmálanefnd*

---

Íbúðir aldraðra í Skálarhlíð  
Dagvist aldraðra í Skálarhlíð  
Sambýli fatlaðra  
Iðja/dagvist.

### *Verkefni*

---

Félagsmálanefnd hefur yfirumsjón með félagsþjónustu og félagsaðstoð sveitarfélagsins. Hún hefur auk þess yfirumsjón með húsaleigubótageiðslum, vímuvörnum, málefnum fatlaðra, aldraðra og innflytjenda.

Félagsmálanefnd er auk þess umsagnaraðili um almenna þætti félagsmála og um ráðningu yfirmanna stofnana sem heyra undir nefndina.

### *Lagaákvæði og heimildir*

---

Í 5. gr. laga nr. 40/1991 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli kjósa félagsmálanefnd sem fari með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu. Auk þess gilda um störf nefndarinnar lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lög um húsaleigubætur nr.

138/1997, lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 og lög um málefni fatlaðra nr. 59/1991.

### *Samþykkt bæjarstjórnar Fjallabyggðar*

---

Um störf félagsmálanefndar gilda ákvæði VI. kafla samþykktar um stjórn Fjallabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 545/2009 (gr. 46-57) um störf nefnda á vegum Fjallabyggðar.

### *Kosning félagsmálanefndar*

---

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa til setu í félagsmálanefnd til fjögurra ára og fimm til vara skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Fjallabyggðar. Bæjarstjórn skal enn fremur kjósa formann nefndarinnar úr röðum nefndarmanna. Kosningarnar skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998, og vera leynilegar ef einhver bæjarfulltrúa óskar þess. Nefndin skal kjósa sér varaformann á fyrsta fundi eftir skipun hennar.

Allir kjörgengir menn í sveitarfélaginu, sem ekki starfa hjá stofnunum sem heyra undir nefndina, eru kjörgengir í félagsmálanefnd, sbr. 40. grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1993.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í félagsmálanefnd ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef fulltrúi, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndarinnar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að nefndin verði endurskipuð, svo sem ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á kjörtímabilinu. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus. Við framangreindar breytingar skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 2. mgr. 40. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

### *Boðun funda félagsmálanefndar og dagskrá*

---

Fundir skulu boðaðir skriflega með bréfi eða tölvupósti með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Komi upp brýn mál sem krefjast skjótrar úrlausnar félagsmálanefndar getur fyrirvari um fundarboðun þó verið skemmri. Í fundarboði skal koma fram staður og tími fundar auk dagskrár fundarins í tölusettum liðum. Fundarboði skulu fylgja öll þau gögn sem fulltrúum eru nauðsynleg til að taka upplýsta ákvörðun í málum sem eru á dagskrá fundarins.

Formaður félagsmálanefndar eða varaformaður í forföllum hans skal boða fundi nefndarinnar í samráði við félagsmálastjóra.

### *Starfshættir félagsmálanefndar*

---

Félagsmálanefnd starfar eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, stjórnarsýslulaga nr. 37 30/1993 og samþykkt um stjórn Fjallabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 545/2009 eftir því sem við á hverju sinni.

Fundir félagsmálanefndar skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega fyrir luktum dyrum og eftir því sem þörf krefur. Fundir skulu haldnir á fastákveðnum fundartíma sem ákveðinn skal á fyrsta fundi nefndarinnar í samráði við félagsmálastjóra. Heimilt er að halda fundi félagsmálanefndar sem fjarfundi. Formaður nefndarinnar stýrir umræðum og atkvæðagreiðslu á fundum. Auk kjörinna fulltrúa í félagsmálanefnd eiga félagsmálastjóri og bæjarstjóri seturétt á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Fundir skulu haldnir skv. boðaðri dagskrá. Öll frávik frá henni skulu borin undir atkvæði. Engin mál skulu tekin til meðferðar nefndarinnar án undirbúnings.

Þagnarskylda er lögð á herðar nefndarmönnum varðandi vitneskju sem þeir fá um einkahagi fólks vegna starfa sinna í nefndinni. Þeir skulu undirrita drengskaparheit um þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst eftir að nefndarmaður lætur af störfum í nefndinni.

Félagsmálanefnd skal skrá fundargerðir og halda gerðabók. Fundargerð skal skráð með rafrænum hætti skv. ákvörðun bæjarstjórnar, sbr. 18. gr. samþykkt um stjórn Fjallabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 545/2009. Í fundargerð skal ritari nefndarinnar skrá þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila mála, meginefni og afgreiðslu. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal tilgreina í fundargerð hvernig atkvæði skiptust. Í fundargerð skal einnig skráð hverjir taka til máls í umræðum, um hvaða liði dagskrár er fjallað og stutt athugasemd um afstöðu fulltrúa til viðkomandi máls óski þeir þess. Fulltrúar skulu að jafnaði afhenda ritara slíkar bókanir skriflega og á rafrænu formi ef þess er kostur. Í fundargerð skal einnig skrá ef einstakir fulltrúar víkja af fundi við afgreiðslu máls vegna vanhæfis. Þá skal einnig skrá í fundargerð komi fulltrúi til fundar eftir að hann er hafinn og undir hvaða lið. Sama gildir ef fulltrúi þarf að víkja af fundi áður en honum lýkur.

Trúnaðarmál, sbr. 5. og 6. grein upplýsingalaga nr. 50/1996, skal skrá í trúnaðarbók. Í slíkum tilfellum skal skrá vísun til trúnaðarbókar í fundargerð. Færslur í trúnaðarbók skulu undirritaðar á sama hátt og fundargerð.

Í gerðabók félagsmálanefndar skal ritari skrá númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og tilgreina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir fulltrúar og starfsmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Formaður og fundarritari skulu setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Staðfesting fundarmanna, sem sitja fund í gegnum síma- eða fjarfundabúnað, skal gerð strax að loknum fundi. Skal þá senda fundargerð í tölvupósti til viðkomandi sem endursendir hana með staðfestu samþykki sínu. Fjarstaddir staðfesta síðan fundargerðina með undirritun sinni svo fljótt sem verða



má. Formaður félagsmálanefndar skal fá skrifstofu- og fjármálastjóra fundargerðir til varðveislu í skjalasafni sveitarfélagsins, sbr. lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985, og til birtingar á vefsvæði sveitarfélagsins.

Fundargerðir félagsmálanefndar skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnarfundar svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi nefndarinnar. Nefndin getur óskað eftir að bæjarráð taki mál til fullnaðarafgreiðslu ef það er þess eðlis að það getur ekki beðið afgreiðslu næsta fundar bæjarstjórnar. Ef í fundargerðum nefndarinnar eru ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast afgreiðslu bæjarstjórnar eru fundargerðir lagðar fram á fundi bæjarstjórnar til kynningar.

### *Starfsmaður félagsmálanefndar*

---

Félagsmálastjóri.

### *Eftirfylgni*

---

Félagsmálastjóri fylgir eftir staðfestum samþykktum og ákvörðunum félagsmálanefndar.

*Samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 14. október 2008.*

*Uppfært á fundi bæjarstjórnar 13. október 2009.*